

22. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps fimmtudaginn 18. desember 2019 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir sem varamaður Elínar Grétarsdóttur, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Engar athugasemdir voru gerðar.

Oddviti lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu að við bætist einn dagskrárliður 1.3. Tillagan samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir til samþykktar:

1.1. 188. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-111.

Mál nr. 1; Ás 3 III-2 land L204647; Úr íbúðarsvæði í frístundasvæði og landbúnaðarsvæði; Aðalskipulagsbreyting – 1912016.

Ásta B. Ólafsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Hermann Ólafsson leggur fram f.h. Ástu Beggu Ólafsdóttur og Gísla Sveinssonar tillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Í breytingu fellst að íbúðasvæði er breytt í annars vegar frístundahúsasvæði og hins vegar í landbúnaðarsvæði. Að auki er viðkomandi svæði hliðrað til innan landskikans. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er lögð fram tillaga að deiliskipulagi svæðisins sem gert er ráð fyrir að verði auglýst samhliða

aðalskipulagsbreytingunni. Skipulagssvæðið nær landspildu sem er um 18,6 ha að stærð. Aðkoma að landsspildunni er af vegi nr. 275, Ásvegi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða greinargerð og uppdrætti dagsetta 9.12.2019 sem skýra breytingu á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, vegna Áss 3. III-2 land, L204647, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga.

Mál nr. 2; Ás 3 III-2 land L204647; Sex frístundalóðir og afmörkun byggingarreits; Deiliskipulag – 1912017.

Ásta B. Ólafsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Hermann Ólafsson leggur fram deiliskipulagstillögu f.h. Ástu Beggu Ólafsdóttur og Gísla Sveinssonar. Tillagan tekur til 6 frístundahúsaloða ásamt afmörkun á byggingarreit fyrir íbúðarhús í landi Áss 3 land III-2 L204647 í Ásahreppi.


Skipulagssvæðið nær til landsins alls, sem er um 18,6 ha að stærð. Aðkoma að landsspildunni er af vegi nr. 275, Ásvegi. Gerð verður breyting á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, til samræmis við deiliskipulagið.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna samhljóða og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óska skal eftir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni, og Minjastofnun Íslands.

Mál nr. 10; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19-111 – 1912001F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa 19-111, dags. 4. desember 2019, lagðar fram til kynningar.

- 1.2. 8. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps ásamt drögum að gjaldskrá.
Í dagskrárlið 2 samþykkir stjórn Vatnsveitunnar gjaldskrá 2020 og vísar henni til aðildarsveitarfélaga til staðfestingar.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi Gjaldskrá 2020 fyrir Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.
- 1.3. 15. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga, dagskrárliður 3, fyrirkomulag forskólakennslu.
Skólastjóri Tónlistarskólans óskar eftir því að miða hópastærð í forskólakennslu við 5 nemendur. Hreppsnefnd Ásahrepps telur rétt að láta kostnaðargreina slíka breytingu og kanna hug skólastjóra Odda bs. hvað þetta varðar.
2. **Fundargerðir til kynningar:**
 - 2.1. 21. fundur stjórnar Odda bs.
 - 2.2. 61. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
 - 2.3. 62. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
 - 2.4. 42. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
 - 2.5. 5. fundur stjórnar Skógasafns (aðalfundur).
 - 2.6. Fundur Héraðsráðs Rangárvallasýslu, dags, 25. nóvember 2019.
 - 2.7. 71. fundur stjórnar byggðasamlags UTU.
 - 2.8. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 24. október 2019.
 - 2.9. 288. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
 - 2.10. Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands, dags. 25. október 2019.
 - 2.11. Fundur stjórnar Bergrisans bs. dags. 28. nóvember 2019.
 - 2.12. Fundur faghóps sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál, dags. 13. nóv. 2019.
 - 2.13. 876. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. **Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps, 11. desember 2019.**
Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps frá 11. desember 2019.
4. **Ákvörðun um endurgreiðslu vegna bæjarlýsingar, ljósastaurar.**
Sveitarstjóri lagði fram yfirlit yfir kostnað við bæjarlýsingu, sem fengin var hjá RARIK og Orkusölu.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að endurgreiðsla vegna bæjarlýsingar verki kr. 60.000 fyrir tvo ljósastaura á hvert heimili þar sem skráð er búseta.
5. **Línugjald Ásaljóss.**
Umræða varð um gjaldskrá Ásaljóss. Þann 11. nóvember 2014 samþykkti hreppsnefnd Ásahrepps að þeir sem sóttu um tengingu við ljósleiðarakerfi myndu skuldbinda sig til áskriftar á ljósleiðarakerfinu til þriggja ára fyrir kr. 3.000 á mánuði. Nú er þessu þriggja ára skuldbindandi tímabili lokið og tímabært að taka til skoðunar hvert áskriftargjald skuli vera á næsta ári.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að mánaðleg áskrift fyrir tengingu við ljósleiðarakerfi Ásaljóss verði kr. 1.500 á mánuði.
6. **Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032; Skipulags- og matslýsing.**
Lögð fram drög að skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032, dags. 10. desember 2019.



Umræða varð um fyrirbyggjandi drög að skipulags- og matslýsingu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela vinnuhópi að koma á framfæri við ráðgjafa þau áhersluatriði sem rædd voru á fundinum. Jafnframt eru hreppsnefndarfulltrúar hvattir til að senda inn til vinnuhóps frekari áhersluatriði sem vinnuhópur mun fylgja eftir í frágangi skipulags- og matslýsingar. Þegar skipulags- og matslýsingin hefur tekið á sig lokafrágang verður hún send út til hreppsnefndarfulltrúa til samþykktar. Stefnt er að íbúafundi í byrjun febrúar til að kynna vinnuna og forsendur skipulags- og matslýsingar. Á þeim fundi gefst íbúum tækifæri til að koma fram með sínar áherslur og hugmyndir gagnvart endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps.

7. Samningar:

- 7.1. Þjónustusamningur álagningakerfis; Þjóðskrá Íslands.
Lögð fram drög að þjónustusamningi, ásamt viðauka, vegna Álagningakerfis sem sveitarfélagið nýtir við álagningu fasteignagjalda. Nauðsynlegt er að slíkur samningur verði gerður vegna tilkomu nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Ásahrepps.
- 7.2. Verksamningur Ásaljóss við TRS, viðhald og viðbætur.
Lögð fram drög að verksamningi við TRS vegna þjónustu við ljósleiðarakerfi í Ásahreppi. Ekki hefur verið í gildi formlegur samningur vegna þeirrar þjónustu sem TRS hefur veitt Ásaljósi. Samningnum er ætlað að tryggja betri og skilvirkari þjónustu þar sem ákveðin þjónustuviðmið eru skilgreind.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Ásahrepps.
- 7.3. Samningur um hýsingu; dkVistun ehf.
Lögð fram drög að samningi um hýsingu við dkVistun ehf. Ekki hefur áður verið gerður formlegur samningur en það er forsenda þess að uppfylla ákvæði persónuverndarlaga með vinnslusamningi sbr. Viðauka 2.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Ásahrepps.
- 7.4. Samningur um afritun gagna við TRS.
Lögð fram drög að samningi við TRS um afritun ganga, en formlegum samningi hafði ekki verið lokið milli aðila. Þessi samningur er forsenda þess að hægt sé að gera vinnslusamning skv. ákvæðum persónuverndarlaga.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Ásahrepps.
- 7.5. Vinnslusamningur milli TRS og Ásahrepps.
Lögð fram drög að vinnslusamningi milli TRS og Ásahrepps, en slíkur samningur er nauðsynlegur til að uppfylla ákvæði persónuverndarlaga. Þar sem fyrir liggur samningur um afritun gagna sbr. dagskrárlið 7.4 þá eru allar forsendur fyrir hendi að ljúka gerð vinnslusamnings.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi vinnslusamning og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Ásahrepps.




8. Innsend bréf og erindi:


- 8.1. Tölvuskeyti Birkis Karls Sigurðssonar, dags. 24. nóvember 2019; skáknámskeið. Lagt fram tölvuskeyti Birkis Karls Sigurðssonar þar sem kynnt eru skáknámskeið sem stendur til boða. Hreppsnefnd Ásahrepps tekur jákvætt í erindið og samþykkir samhljóða að senda þessa kynningu til skólastjórnenda grunnskólanna til kynningar.
- 8.2. Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029, verkefnis- og matslýsing. Lögð fram Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029, verkefnis- og matslýsingu. Almenn umræða varð um flutningskerfi Landsnets og afhendingaröryggi raforku í ljósi viðburða í síðustu viku. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt til að koma fram með athugasemdir síðar.
- 8.3. Tölvuskeyti Íþróttafélagsins Garps, dags. 4. desember 2019; styrkbeiðni. Lagt fram tölvuskeyti frá Íþróttafélaginu Garpi þar sem óskað er eftir fjárstyrk til að sinna því góða íþróttastarfi sem er í boði á Laugalandi eftir skóla. Um er að ræða sambærilegan styrk og veittur hefur verið til félagsins á undanförunum árum. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita Íþróttafélaginu Garpi styrk að upphæð kr. 248.000 fyrir árið 2019.
- 8.4. Tölvuskeyti Hjálparstarfs kirkjunnar, dags. 22. nóvember 2019; styrkbeiðni. Lagt fram tölvuskeyti Hjálparstarfs kirkjunnar þar sem óskað er eftir fjárhagslegum stuðningi við jólasöfnun Hjálparstarfs Kirkjunnar. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið að upphæð kr. 25.000.
- 8.5. Tölvuskeyti Ísleifs Jónassonar, dags. 12. desember 2019; beiðni um fjárframlag vegna framkvæmda á reiðveigi. Ásta B. Ólafsdóttir og Brynja J. Jónasdóttir viku af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar. Lagt fram tölvuskeyti Ísleifs Jónassonar þar sem óskað er eftir fjárframlagi vegna framkvæmda á reiðvegi frá Kálfholti að Hamrahól (Snösum). Um er að ræða fjárframlag til kaupa á malarefni og flutningi, 600 rúmmetra. Gerð hefur verið verðkönnun og er kostnaðurinn við að fá efni flutt á staðinn kr. 2.600.000. Óskað er eftir fjárframlagi fyrir þessum kostnaðarlið verkefnisins. Ísleifur, ásamt þeim aðilum sem mestan ávinning hafa af framkvæmdinni munu kosta niðurlagningu, sléttun og þjöppun efnisins. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins. Sveitarstjóra falið að afla frekari gagna um þær úthlutanir sem þegar hafa verið greiddar úr sveitarsjóði. Nauðsynlegt er að fá þessar upplýsingar upp á borð til að hreppsnefnd geti markað sér stefnu um uppbyggingu reiðvega innan sveitarfélagsins til framtíðar litið.


9. Bréf og erindi til kynningar:


- 9.1. Skýrsla Landgræðslu ríkisins Lr2019/25; Mótvægisáðgerðir vegna Sporðöldulóns. Áðgerðir 2019.
- 9.2. Skýrsla Landgræðslu ríkisins Lr 2019/26; Seyrudreifing á Hrunamannaafretti.





Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.



Asta B. Ólafsdóttir


Nanna Jónsdóttir


Guðmundur Gíslason


Egill Sigurðsson


Brynja J. Jónasdóttir


Valtýr Valtýsson